



Siðareglur Kviku banka fyrir birgja

Tilgangur og markmið

Reglur þessar geyma tilmæli Kviku banka hf., kt. 540502-2930 (hér eftir „Kvika“ eða „bankinn“) til þeirra aðila sem Kvika verslar við vegna kaupa á vörum eða þjónustu (hér eftir „birgjar“ eða „þjónustuaðilar“).

Kvika styður við innleiðingu, eftirfylgni og eftirlit með þróun UFS þátta (umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir) í starfsemi sinni. Það er í samræmi við gildi Kviku um að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið.

Við ákvörðunartöku er tekið tillit til hvaða áhrif ákvarðanir bankans hafa til lengri tíma litið, hvort sem um er að ræða innri málefni Kviku, málefni viðskiptavina eða málefni samfélagsins. Ákvarðanir Kviku sem tengjast innkaupum á vörum og þjónustu frá birgjum falla undir framangreint.

Siðareglur Kviku fyrir birgja eru settar á grundvelli samfélagsstefnu Kviku og annarra skuldbindinga Kviku á sviði samfélagsábyrgðar.

Siðareglurnar kveða á um þau UFS viðmið sem Kvika leggur áherslu á að birgjar og þjónustuaðilar fylgi að lágmarki í starfsemi sinni. Bankinn hvetur alla birgja, þjónustuaðila og aðra samstarfsaðila sína, til að kynna sér siðareglurnar og fylgja þeim lágmarksþjónustu sem þar koma fram, og hvetur þannig til samstarfs í þeim efnum.

Reglurnar

1. Umhverfismál

Kvika mælist til þess að birgjar og þjónustuaðilar þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitist við að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemi þeirra kann að hafa á umhverfið, svo sem með árangursmælingum á tilkomnum umhverfisáhrifum eigin starfsemi, ferlum, stefnum og öðrum viðeigandi aðgerðum sem snúa að umhverfisstjórnun.

2. Félagslegir þættir

Félagslegi þátturinn snýr meðal annars að því að staðið sé vörð um ákveðin grunnréttindi í starfsumhverfi birgja eða þjónustuaðila. Kvika gerir einkum þær kröfur að birgjar tryggi vernd mannréttinda í samræmi við lög, reglur og alþjóðlega samninga og skuldbindingar. Í því felst meðal annars að birgjar eða þjónustuaðilar:

- viðurkenni ekki hvers kyns *mismunun* sem kann að eiga stað í starfsumhverfinu, svo sem á grundvelli hvers kyns aðgreiningar, útilokunar eða forgangsréttar, sem byggir t.d. á kyni, kynþætti, kynhneigð, þjóðerni, stjórmálaskoðunum, trúarbrögðum, heilsufari, fötlun eða öðrum þáttum.
- tryggi að öll vinna starfsfólks sé unnin af fúsum og frjásum vilja og *án nauðungar*, þar á meðal að réttur starfsfólks til að segja upp starfi sínu sé virtur.



- tryggi starfsfólki sínu *lágmarkslaun* að minnsta kosti, í samræmi við gildandi lög, reglur og kjarasamninga, ef við á. Einnig, að tryggt sé að starfsfólk njóti launatengdra réttinda, s.s. til orlofs, veikinda, lengd vinnutíma og annarra launakjara.
- viðurkenni rétt starfsfólks til *félagafrelsis* og gerð *kjarasamninga*, styðji við þau réttindi og fylgi, til samræmis við gildandi lög og reglur.
- ráði ekki til vinnu börn undir lögaldri* í störf sem kunna að vera hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi. Virða skal réttindi barna til að þróa möguleika sina og lifa án þjáningar, fátæktar, vanrækslu og misnotkunar.
- tryggi starfsfólki sínu *heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi*, og tryggi viðeigandi fræðslu og þjálfun til starfsfólks um öryggis- og vinnuverndarmál.


3. Stjórnarhættir

Í tengslum við stjórnarhætti leggur Kvika áherslu á að birgjar og þjónustuaðilar tryggi almennt góða stjórnarhætti í starfsemi sinni. Meðal annars með því að:

- tryggja *gott siðferði í viðskiptum* og að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, lög og reglur. Þar með talið skulu birgjar og þjónustuaðilar ekki taka þátt í og vinna gegn spillingu, mútum, kúgun og fjárvíkum í starfsemi sinni, svo sem með reglum, ferlum og öðrum viðeigandi skipulagslegum aðgerðum.
- forðast hvers konar *hagsmunárekstra* í viðskiptum við Kviku. Hagsmunárekstrar geta til dæmis falið í sér að birgi eða þjónustuaðili setur hagsmuni tengdra aðila framar hagsmunum bankans í viðskiptum.
- leitast við að styðja við samfélagslega ábyrgð og framgang UFS þáttanna í starfsemi sinni, og vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið og sjálfbæra þróun.

Þannig samþykkt af forstjóra Kviku,

þann 20. nóvember 2020



Marínó Örn Tryggvason